

A 1743/presidiet

**Flytjandi** Flokkahópur miðjumanna  
**Afgreiðsla** Forsætisnefndin

## Þingmannatillaga um norrænt áhrifamat á löggjafarstarfi ESB

### Tillaga

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að kanna möguleika á að innleiða þá starfshætti að samnorrænt áhrifamat fari fram á löggjafarstarfi þar sem norrænu löndin ráðast sameiginlega í framkvæmd á lagagerningum ESB.

### Forsaga

Í ársbyrjun 2015 samþykkti Norðurlandaráð eftirfarandi tilmæli til norrænu ríkisstjórnanna: að innleiða þá starfshætti að formennskulandið í Norrænu ráðherranefndinni kanni væntanlega lagagerninga frá ESB og forgangsraði þeim með hliðsjón af því hversu mikil áhrif þeir eru taldir hafa á frjálsa för á Norðurlöndum og bjóði embættismönnum í ráðuneytum sem fara með framkvæmd þeirra til norræns samráðs um túlkun, ferli og framkvæmd þessara lagagerninga ESB.

Ákvörðunin átti rætur að rekja til þingmannatillögu flokkahóps miðjumanna.

Sú hugmynd að kanna væntanlega lagagerninga fékk aukið brautargengi í formennskutið Finnlands í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2016. Anne Berner, samstarfsráðherra Finna, greindi frá niðurstöðu málsins á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í nóvember 2016 og sagði ráðherranefndina hafa valið að leggja áherslu á fjögur svið: 1) snemmbæra íhlutun áður en framkvæmdastjórn ESB leggur fram lagafrumvörp sín, 2) samstarf um framkvæmd lagagerninga ESB, 3) nýtingu þess svigrúms sem ESB-réttur veitir til nánara norræns samstarfs, 4) mikilvægi þess að ráðherranefndin leitist við að ná fram samlegðaráhrifum með ESB í eigin verkefnum og áætlunum.

Í ávarpi sínu á þinginu nefndi Berner samstarfsráðherra einnig að í framtíðarsýn samstarfsráðherranna frá árinu 2014 hafi meðal annars falist að framkvæmd nýrrar ESB-löggjafar á Norðurlöndum skyldi ekki skapa nýjar stjórnsýsluhindranir. Ennfremur skuli ráðherranefndin eiga frumkvæði að því að kanna frekar hvernig framkvæmd og túlkun nýrra ESB-reglna geti stuðlað að því að afnema stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum. Stjórnsýsluhindranir sem hljótast af framkvæmd ESB-gerninga ættu einnig að vera sýnilegri en nú er í gagnagrunninum



yfir stjórnsýsluhindranir og væntanlegri vefgátt fyrir atvinnulífið.

Flokkahópur miðjumanna telur mikilvægt að Norræna ráðherranefndin hafi verið virkjuð í norrænu samstarfi um málefni ESB. Mál sem tengjast því hvernig norrænu löndin, að Íslandi og Noregi meðtöldum, geti sem best hagnýtt samstarfið á vettvangi ESB til að skapa norrænt svæði fyrir frjálsa för, hljóta æ meiri athygli. Við væntum þess að Noregur haldi þessu góða starfi áfram á formennskuári sínu 2017.

Flokkahópur miðjumanna vill jafnframt efla starf sem snýr að því að fyrirbyggja að framkvæmd lagagerninga ESB skapi nýjar stjórnsýsluhindranir milli norrænu landanna. Þetta starf stendur stöðugt yfir á vettvangi Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar, en mikið skortir upp á að niðurstöðurnar komi fram í verki í löggjafarferlum landanna. Koma ætti á fastmótuðu ferli til að fyrirbyggja að nýjar stjórnsýsluhindranir milli norrænu landanna spretti upp í tengslum við ESB-löggjöf. Slíkt ferli ætti að vera eins laust við skriffinnsku og kostur er.

Maríuhöfn, Helsinki, Stokkhólmi,  
Kaupmannahöfn og Reykjavík, 6. október 2017

*Anna-Maja Henriksson (sv)*

*Arto Pirttilahti (cent)*

*Bertel Haarder (V)*

*Britt Lundberg (ÅC)*

*Jenis av Rana (Mfl)*

*Johanna Karimäki (gröna)*

*Katri Kulmuni (cent)*

*Lars Tysklind (L)*

*Mikael Staffas (Lib)*

*Mikko Kärnä (cent)*

*Rasmus Ling (MP)*

*Robert Halef (KD)*

*Sigurður Ingi Jóhannsson (F)*

*Staffan Danielsson (C)*

*Villum Christensen (LA)*